

Almennar upplýsingar

Færni- og heilsumat er faglegt, einstaklingsbundið mat á þörfum einstaklinga fyrir varanlega búsetu á hjúkrunar- og dvalarheimilum. Um er að ræða staðlað mat ásamt skilgreindum upplýsingum frá heilbrigðis- og félagsþjónustu og svæðisskrifstofu málefna fatlaðra auk læknaþreifa frá læknum viðkomandi eftir því sem við á.

Metnar eru félagslegar aðstæður, heilsufar og andlegt ástand auk þess sem metin er færni í athöfnum daglegs lífs og gefur niðurstaða færni- og heilsumats til kynna hversu mikil þörf er fyrir langtíma búsetu á hjúkrunar- eða dvalarheimilum.

Færni- og heilsumatsferlið er sniðið að erlendri fyrirmynd og hefur gefist vel. Matinu er ætlað að endurspegla raunverulega þörf fólks sem þarf á varanlegri búsetu á hjúkrunar- eða dvalarheimili að halda, óháð aldri.

Hvernig á að sækja um færni- og heilsumat?

- **Dvalar- og hjúkrunarrými**

Þegar aðstæður eru orðnar þannig að fólk getur ekki lengur búið heima þrátt fyrir stuðning heilbrigðis- og félagsþjónustu er tímabært að sækja um færni- og heilsumat og þarf þá viðkomandi að vera tilbúinn að þiggja hjúkrunar- eða dvalarrými þegar það býðst. Gildistími færni- og heilsumats sem samþykkt hefur verið eru tólf mánuðir frá staðfestingu þess. Hafi einstaklingi ekki boðist að flytja á hjúkrunar- eða dvalarheimili innan þess tíma þarf að endurnýja matið

- **Hvíldarinnlögn**

Með hvíldarinnlögn er átt við tímabundna dvöl í hjúkrunarrými, allt frá nokkrum dögum að átta vikum að hámarki. Þar er fólki veitt endurhæfing eða tímabundin umönnun vegna sértækra vandamála og jafnframt getur hvíldarinnlögn verið veitt þegar

einhver nákominn hinum aldraða sem hefur veitt honum aðstoð og stuðning þarfnast hvíldar eða forfallast skyndilega. Markmið hvíldarinnlagna er að gera fólki kleift að búa áfram á eigin heimili. Sjá upplýsingar um hvíldarinnlagnarferli á eftirfarandi slóð:

<http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item22610/Skyringarmynd%20%20hvildarinnlagnarferli%202014leidrett-3.pdf>

Umsóknareyðublöð

Umsókn um færni- og heilsumat þarf að berast færni- og heilsumatsnefndum á sérstöku eyðublaði. Eyðublöðin má nálgast á vef landlæknis:

<http://www.landlaeknir.is/um-embattid/umsoknir/>

Ekki er hægt að senda umsóknina rafrænt heldur verður að prenta hana út og koma henni til viðkomandi færni- og heilsumatsnefnda. Á höfuðborgarsvæðinu er aðsetur nefndarinnar í **Þönglabakka 1, 109 Reykjavík.**

Starfsmenn í þjónustudeild aldraðra hjá Kópavogsbæ aðstoða og veita fúslega nánari upplýsingar um ferli umsókna sé þess óskað, í síma 570 1500.